



Tillögur Sjálfstæðismanna að málefнасamningi samstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Dómsmála- og Utanríkisráðherra – Sjálfstæðisflokkur –
Framsóknarflokkur – Sjálfstæðismenn – Málefni – Samstjórn – Stjórnarsamstarf - Kosningar

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-11, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillögur Sjálfstæðisflokksins
að málefнасamningi samstjórnar Sjálfstæðis-
flokksins og Framsóknarflokksins.

I. Stefna ríkisstjórnarinnar verði í meginatriðum í samræmi við þá stefnu núverandi ríkisstjórnar að koma á og viðhalda jafnvægi og eðlilegri þróun í atvinnu-, fjármála- og viðskiptalífi þjóðarinnar á grundvelli frjálsræðis í viðskiptum og framkvæmdum. Í samræmi við þá stefnu sé megináherzla lögð á eftirfarandi atriði:

1. Að tryggja þjóðfélagsþeggunum sem öruggasta og arðvænlegasta atvinnu með því að stuðla að eðlilegri þróun atvinnuveganna. Ráðstafanir séu við það miðaðar að takast megi að reka atvinnuvegina styrkja- og hallalaust í meðalárferði og sérstaklega lögð áherzla á að tryggja framleiðslustarfseminni nægjanlegt rekstursfé.
2. Athafna- og viðskiptafrelsi verði enn aukið, m.a. verði Fjárhagsráð lagt niður.
3. Fjárlög séu afgreidd greiðsluhallalaust.
4. Haldið verði áfram að styðja að öflun atvinnutekja til þeirra byggðarlaga, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, til þess að fullnægja atvinnuþörf íbúanna og stuðla að jafnvægi í byggð landsins.
5. Lögð verði rík áherzla á að halda áfram rafmagnsvirkjunum í þeim landshlutum þar sem þær eru skemmst á veg komnar og rafmagnsveitum og verði tryggðar til þeirra framkvæmda eigi minna en 20 milljónir kr. árlega, t.d. með lántökum í sambandi við aukna sparifjármyndun, framlögum úr ríkissjóði eða hliðstæðum ráðstöfunum. Gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að ljúka sem fyrst fullvirkjun Sögsins.

6. Lokið verði sem fyrst byggingu sementsverksmiðjunnar.
7. Haldið verði áfram ráðstöfunum til eflingar iðnað-
inum og áherzla lögð á að afla Iðnaðarbankanum
fjármagns.
8. Unnið verði að áframhaldandi framkvæmdum í sveitum
landsins með því að gera Ræktunarsjóði og Bygginga-
sjóði fært að gegna hlutverki sínu.
9. Tryggt verði, að framkvæmdir á vegum varnarliðsins
dragi ekki um of vinnuafli frá atvinnuvegum lands-
manna og þess gætt, að dvöl þess hér á landi valdi
sem minnstri truflun í þjóðlífinu.

II. Auk þeirra mála, sem beinlínis leiða af framhaldi núverandi
stjórnarstefnu, og nefnd hafa verið hér að ofan, verði lögð
áherzla á framkvæmd eftirtalinna mála:

1. Lokið verði endurskoðun stjórnarskrárinnar og ný
stjórnslög samþykkt fyrir lok kjörtímabilsins.
2. Lokið verði á næsta þingi endurskoðun skatta- og
útsvarslaga, með það fyrir augum að létta álögur á
einstaklingum og atvinnurekstri og stuðla að heil-
brigðri efnahagsþróun í landinu og auka sparnað.
Sérstaklega skal lögð áherzla á að lækka skatta á
fjölskyldufólki, finna jafnréttisgrundvöll fyrir
skattlagningu á atvinnurekstrinum og rétta hlut
sveitarfélaga. Sparifé sé gert skattfrjálst og
undanþegið framtalsskyldu. Veitingaskattur verði
afnuminn.
3. Hafist sé handa um viðtækar ráðstafanir til þess að
draga úr tilkostnaði við ríkisreksturinn.
4. Gerðar séu ráðstafanir til þess að bæta varanlega
úr húsnæðismálum kaupstaða og kauptúna með því að
stórauka fjármagn til lánveitinga í því skyni.
Endurskoðuð séu gildandi lagaákvæði og framkvæmd

þessara lánveitingamála, þannig að sparifé og almannasjóðum, sem að rannsökuðu máli telst aflögu til byggingalána, sé veitt í þann farveg, er stefni að frambúðarlausn þessara mála.

5. Veðdeild Búnaðarbankans verði efld og frumbýlingum séð fyrir stofnlánum til bústofns- og jarðakaupa.
6. Gerðar verði ráðstafanir til þess að beta úr fjárþörf Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands.
7. Fræðslulögin og lög in um almannatryggingar verði endurskoðuð.
8. Sett verði lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.
9. Hafizt sé handa um byggingu stjórnarráðshúss.
10. Framkvæmd sé rækileg athugun á aukinni hagnýtingu jarðhitans og öðrum náttúruauðlindum landsins og undirbúið að koma upp frekari stóriðju og orkuverum, þar sem aðstæður leyfa, til þess að tryggja vaxandi fólksfjölda hagkvæm lífsskilyrði.

Tillögur Sjálfstæðisflokksins
að málefnasamningi samstjórnar Sjálfstæðis-
flokksins og Framsóknarflokksins.

I. Stefna ríkisstjórnarinnar verði í meginatriðum í samræmi við þá stefnu núverandi ríkisstjórnar að koma á og viðhalda jafnvægi og eðlilegri þróun í atvinnu-, fjármála- og viðskiptalífi þjóðarinnar á grundvelli frjálsræðis í viðskiptum og framkvæmdum. Í samræmi við þá stefnu sé megináherzla lögð á eftirfarandi atriði:

1. Að tryggja þjóðfélagsþegnum sem öruggasta og arðvænlegasta atvinnu með því að stuðla að eðlilegri þróun atvinnuveganna. Ráðstafanir séu við það miðaðar að takast megi að reka atvinnuvegina styrkja- og hallalaust í meðalárferði og sérstaklega lögð áherzla á að tryggja framleiðslustarfseminni nægjanlegt rekstursfé.
2. Athafna- og viðskiptafrelsi verði enn aukið, m.a. verði Fjárhagsráð lagt niður.
3. Fjárlög séu afgreidd greiðsluhallalaust.
4. Haldið verði áfram að styðja að öflun atvinnutækja til þeirra byggðarlaga, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, til þess að fullmægja atvinnuþörf íbúanna og stuðla að jafnvægi í byggð landsins.
5. Lögð verði rík áherzla á að halda áfram rafmagnsvirkjunum í þeim landshlutum þar sem þær eru skemmst á veg komnar og rafmagnsveitum og verði tryggðar til þeirra framkvæmda eigi minna en 20 milljónir kr. árlega, t.d. með lántökum í sambandi við aukna svarifjármýndun, framlögum úr ríkissjóði eða hliðstæðum ráðstöfunum. Gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að ljúka sem fyrst fullvirkjun Sogsins.
6. Lokið verði sem fyrst byggingu sementsverksmiðjunnar.
7. Haldið verði áfram ráðstöfunum til eflingar iðnaðinum og áherzla lögð á að afla Iðnaðarbankanum fjármagns.
8. Unnið verði að áframhaldandi framkvæmdum í sveitum landsins með því að gera Ræktunarsjóði og Byggingasjóði fært að gegna hlutverki sínu.
9. Tryggt verði, að framkvæmdir á vegum varnarliðsins dragi ekki um of vinnuafli frá atvinnuvegum landsmanna.

II. Auk þeirra mála, sem beinlínis leiða af framhaldi núverandi stjórnarstefnu, og nefnd hafa verið hér að ofan, verði lögð áherzla á framkvæmd eftirtalinna mála:

1. Lokið verði endurskoðun stjórnarskrárinnar og ný stjórnlög samþykkt fyrir lok kjörtímabilsins.
2. Lokið verði á næsta þingi endurskoðun skatta- og útsvarslaga, með það fyrir augum að létta álogur á einstaklingum og atvinnurekstri og stuðla að heilbrigðri efnahagsþróun í landinu og auka sparnað. Sérstaklega skal lögð áherzla á að lækka skatta á fjölskyldufólki, finna jafnréttisgrundvöll fyrir skattlagningu á atvinnurekstrinum og rétta hlut sveitarfélaga. Sparifé sé gert skattfrjálst og undanþegið framtalsskyldu. Veitingaskattur verði afnuminn.
3. Hafist sé handa um viðtækar ráðstafanir til þess að draga úr tilkostnaði við ríkisreksturinn.
4. Gerðar séu ráðstafanir til þess að bæta varanlega úr húsnæðismálum kaupstaða og kauptúna með því að stórauka fjármagn til lánveitinga í því skyni. Endurskoðuð séu gildandi lagaákvæði og framkvæmd þessara lánveitingamála, þannig að sparifé og almannasjóðum, sem að rannsökuðu máli telst aflögu til byggingalána, sé veitt í þann farveg, er stefni að frambúðarlausn þessara mála.
5. Veðdeild Búnaðarbankans verði eflað og frumbýlingum séð fyrir stofnlánum til bústofns- og jarðakaura.
6. Gerðar verði ráðstafanir til þess að bæta úr fjárþörf Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands.
7. Fræðslulögin og lögin um almannatryggingar verði endurskoðuð.
8. Framkvæmd sé rækileg athugun á aukinni hagnýtingu jarðhitans og öðrum náttúruauðlindum landsins og undirbúið að koma upp frekari stóriðju og orkuverum, þar sem aðstæður leyfa, til þess að tryggja vaxandi fólksfjölda hagkvæm lífsskilyrði.